

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Tréiðjan Einir ehf.  
kt. 520494-2009

Starfsstöð: Aspargrund 1, 700 Egilsstaðir  
Fastanúmer: 217-3480

Leyfið gildir frá dd.mmm 2021 til dd.mmm 2033

### Um er að ræða starfsleyfi

- Trésmiðaverkstæði með lökkun
- Útselda verktakastarfsemi

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn,  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

**Starfsleyfishafi:** Tréiðjan Einir ehf., kt. 520494-2009

**Starfsstöð:** Aspargrund 1, 700 Egilsstaðir

**Fastanúmer:** 217-3480

Leyfið gildir frá dd. mmm 2021 til dd. mmm 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir rekstur trésmiðaverkstæðis og útselda verktakastarfsemi.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 10. febrúar 2021.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- *Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti m.s.br.*

### 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

---

#### 1.1. Trésmiðaverkstæði með lökkun

Um er að ræða trésmiðaverkstæði á neðri hæð í húsnæði við Aspargrund 1. Í aðstöðunni er er unnið með málingu og lakk í lakklefa með útsogi.

Meðal annars skal farið eftir:

- Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi skv. auglýsingu umhverfisráðuneytis nr. 582 frá árinu 2000, fylgiskjal 1.

### 2. Annað sem varðar starfsemina.

---

#### 2.1. Fráveita

Um er að ræða fráveitu tengda inn á fráveitu sveitarfélagsins.

Um fráveitur gilda meðal annars:

- *Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

## 2.2. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins. Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um.

Um úrgang gilda meðal annars:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

## 2.3. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

dd. mmm yyyy  
Virðingarfyllst,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn,  
heilbrigðisfulltrúi